

*fme*  
FJÁRMÁLA EFTIRLITID  
*fme*

**Leiðbeinandi tilmæli**

**Viðmiðunarreglur vegna álagsprófa, samþjöppunar- og  
vaxtaáhættu hjá fjármálafyrirtækjum**

**EKKI Í GILDI**

**nr. 2/2007**

Gefið út skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með  
fjármálastarfsemi.

**17. apríl 2007**

## I. Inngangur

Fjármálaeftirlitið hefur gefið út leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2007 um viðmiðunarreglur til að efla samræmi í eftirlitsaðferðum. Viðmiðunarreglur Samstarfsnefndar evrópskra eftirlitsaðila á lánamarkaði (*Committee of European Banking Supervisors (CEBS)*) til að efla samræmi í aðferðum í eftirliti með fjármálafyrirtækjum, *Guidelines on the Application of the Supervisory Review Process under Pillar 2 (GL 03)*, eru hluti af þeim leiðbeinandi tilmælum. Þar kemur fram að við mat á eiginfjárförf (*ICAAP*) eigi fjármálafyrirtæki að taka með í reikninginn áhrif vegna efnahagssveiflna auk næmni fyrir utanaðkomandi áhættu, s.s. landaáhættu, áhættu tengdri því lagaumhverfi sem þau starfa í og áhættu vegna aðgerða samkeppnisaðila. Til að meta þessi áhrif eru álagspróf notuð. Þá getur Fjármálaeftirlitið notað álagspróf til að kanna hvort þörf er á afskiptum þess af starfsemi fjármálafyrirtækisins.

Þá ber einnig, við mat á eiginfjárförf, að taka tillit til ýmissa áhættuþátta s.s. samþjöppunaráhættu og vaxtaáhættu í liðum utan veltubókar, en um það er einnig fjallað í leiðbeinandi tilmælum þessum.

## II. Álagspróf

Viðmiðunarreglur þessar um álagspróf eru hluti af eftirlits- og matsferlinu (*SREP*). Þau ákvæði sem liggja til grundvallar þessum hluta leiðbeinandi tilmælanna um álagspróf eru grein nr. 114 og í viðaukum V, VII 4. hluta, VIII 3. hluta og XI í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2006/48/EB um stöfnun og rekstur lánastofnana og auk þess í viðaukum III og V í tilskipun nr. 2006/49/EB um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana.

*Tilskipun 2006/48/EB:*

Í 114. gr. er tilgreint að fjármálafyrirtæki eigi að gera álagspróf vegna samþjöppunaráhættu í tengslum við stórar áhættuskuldbindingar og taka þar með í reikninginn innleisanlegt virði veðtrygginga.

Í viðauka V er greint frá að stjórnendur skuli staðfesta og fylgjast reglulega með aðferðum og stefnu vegna þeirrar áhættu sem fjármálafyrirtæki tekur, áhættustýringar og mildunar áhættu, þar með talið áhættu vegna þess efnahagsumhverfis sem það starfar í. Einnig skulu vera til staðar stefna og ferlar vegna mælingar og stýringar á fjármögnun og taka skal mið af breyttum en líklegum aðstæðum. Þá skulu þær forsendur sem liggja að baki ákvörðunum um fjármögnun endurskoðaðar reglulega. Einnig skulu vera til staðar viðbúnaðarferlar til að takast á við verulega lausafjárerfiðleika (*e. liquidity crisis*).

Viðauki VII fjallar um innramatsaðferð (*IRB*). Þar er tilgreint að nota skuli álagspróf við mat á eiginfjárförf þar sem bera á kennsl á hugsanlega framtíðar atburði í efnahagsumhverfinu sem geti haft neikvæð áhrif á útlán fjármálafyrirtækisins og mat á hæfni þess til að standast slíkar breytingar. Gera á álagspróf vegna útlánaáhættu reglulega og skal prófið valið af fjármálafyrirtækinu

en vera undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Gera skal ráð fyrir að tilfærsla (*e. migration*) geti orðið á lánsþæfismati viðskiptavina við mismunandi aðstæður. Meta skal tap að gefnum vanefndum (*LGD*) og breytistuðla m.t.t. hugsanlegrar efnahagslegrar niðursveiflu og skulu varfærnisjónarmið ráða. Einnig skulu vera til staðar álagspróf vegna hlutabréfaeignar og virðisáhættulíkana (*VaR*). Þá skal kynna fyrir stjórnendum samanburð á endanlegum tapshlutföllum (*e. realised default rates*), tapi að gefnum vanefndum (*LGD*) og breytistuðlum (*e. conversion factors*) og hver niðurstaðan er við álagspróf.

Í viðauka VIII er fjallað um innri líkön vegna mildunar útlánaáættu og um innlausnartíma illseljanlegra eigna og álagspróf vegna þeirra.

Í viðauka XI er greint frá hvernig eftirliti með áhættustýringu og álagsprófum fjármálafyrirtækja skuli háttáð. Mat og eftirlit Fjármálaeftirlitsins skal m.a. fela í sér að skoðaðar séu niðurstöður úr álagsprófum hjá þeim fyrirtækjum sem nota innramatsaðferð, hvernig samþjöppunaráættu er stjórnað, hversu öflugir og viðeigandi ferlar varðandi mildun útlánaáættu eru, hvort nægilegt eigið fé sé til staðar vegna eigna sem notaðar eru í verðbréfun, hvernig lausafjáráættu sé stjórnað og áhrif áhættudreifingar (*e. diversification effects*) í áhættustýringu.

*Tilskipun 2006/49/EB:*

Í viðauka III er lögð áhersla á að til staðar séu álagspróf vegna mótaðila- og útlánaáættu (*Counterparty credit risk - CCR*) sem viðbót við þau kerfi sem meta og greina þessa áættu. Niðurstöður þessara prófana skulu endurspeglast í þeim stefnum og mörkum sem stjórnendur setja. Þegar álagspróf vegna þessarar áættu eru gerð skal taka tillit til þátta vegna bæði útlána- og markaðsáættu. Þá skal hugað að samþjöppunaráættu, fylgni milli markaðs- og útlánaáættu auk þeirra áhrifa sem innlausn stórra hluta/staða hafi á markaðinn.

Í viðauka V er vikið að því að fjármálafyrirtæki sem hafa heimild til að nota innri líkön þurfi að hafa víðtæk og nákvæm álagspróf þar sem sérstaklega eru könnuð áhrif á seljanleika eigna, samþjöppunaráættu o.fl. sem virðisáhættulíkön ná ekki yfir.

Viðmiðunarreglur CEBS um álagspróf: Technical aspects of stress testing under the supervisory review process – (CP12)<sup>1</sup> eru hluti af leiðbeinandi tilmælum þessum og ber eftirlitsskyldum aðilum að kynna sér efni þeirra.

Viðmiðunarreglurnar lýsa markmiðum og æskilegum niðurstöðum. Þar sem breytingar í viðskipta- og efnahagsumhverfi fjármálafyrirtækja hafa fyrst áhrif á tekjur þeirra ættu þau að meta hver áhrifin eru á innri eiginfjárförf við ýktar aðstæður.

Við túlkun þessara reglna er mikilvægt að greina milli mismunandi tegunda tilvika. Í þeim tilvikum þar sem reglurnar endurspeglar sameiginlegan skilning eftirlitsaðila er talað um hvað fjármálafyrirtæki “ættu” að gera (*should*). Þegar orðin “geta”, “mega” (*could*,

<sup>1</sup> <http://www.c-ebs.org/getdoc/e68d361e-eb02-4e28-baf8-0e77efe5728e/GL03stresstesting.aspx>

may) o.s.frv. eru notuð er fjármálafyrirtækjum frjálst að nota aðrar lausnir. Þegar orðasambandið “ættu að íhuga” (*should consider*) er notað gefur það fjármálafyrirtækjum möguleika á að nota ekki þá aðferð sem um er rætt, ef þau telja hana ekki fullnægjandi, án þess að þurfa að skýra það nánar. Þegar vitnað er í tilskipanir 2006/48/EB og 2006/49/EB er notað orðið “skal” eða “ber að” (*shall*).

Orðið álagspróf (*stress testing*) er almennt orðalag sem lýsir hinum ýmsu aðferðum sem fjármálafyrirtæki nota til að meta fjárhagslega veikleika gagnvart óvenjulegum en trúverðugum atburðum. Fjármálaeftirlitið telur mikilvægt að álagspróf sé hluti af áhættustýringu fjármálafyrirtækja.

### III. Samþjöppunaráhætta

Þau ákvæði sem liggja til grundvallar þessum hluta leiðbeinandi tilmælanna um samþjöppunaráhættu eru í viðaukum V og XI í tilskipun nr. 2006/48/EB.

Í viðauka V, um tæknileg viðmið vegna fyrirkomulags og meðferðar áhættu, er í 7. tl. fjallað um samþjöppunaráhættu vegna áhættuskuldbindinga mótaðila, tengdra mótaðila, mótaðila innan sömu atvinnugreina, landfræðilegra svæða, starfsemi og hrávara. Sérstaklega ber að hafa í huga áhættu tengda stórum, óbeinum áhættuskuldbindingum þar sem veð er veitt af einum aðila. Reglur og ferlar skulu skjalfestir.

Í viðauka XI, um tæknileg viðmið vegna könnunar og mats þar til bærra yfirvalda, er í 1. tl. (b) tilgreint að eftirlitsaðilar skulu kanna og meta samþjöppunaráhættu fjármálafyrirtækja auk útlána-, markaðs- og rekstraráhættu.

Í 17. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki með breytingum í desember 2006 er fjallað um eftirlit fjármálafyrirtækja með áhættu:

“Fjármálafyrirtæki skal á hverjum tíma hafa yfir að ráða tryggu eftirlitskerfi með áhættu í tengslum við alla starfsemi sína. Hjá fjármálafyrirtæki skulu vera til staðar fullnægjandi og skjalfestir innri ferlar til að meta nauðsynlega stærð, samsetningu og innri dreifingu eiginfjárgrunns með hliðsjón af þeim áhættum sem starfsemin felur í sér hverju sinni. Innri ferlar skulu endurmetnir reglulega til að tryggja að þeir séu fullnægjandi með hliðsjón af eðli, umfangi og margbreytileika starfseminnar.”

Viðmiðunarreglur CEBS um samþjöppunaráhættu: Technical aspects of the management of concentration risk under the supervisory review process – CP-11-2<sup>nd</sup> Part<sup>2</sup> eru hluti af leiðbeinandi tilmælum þessum og ber eftirlitsskyldum aðilum að kynna sér efni þeirra.

Í reglum þessum er samþjöppunaráhætta skilgreind sem sérhver stök, bein eða óbein, áhættuskuldbinding eða flokkur áhættuskuldbindinga sem hugsanlega geta valdið fjármálafyrirtæki það miklu tapi að það hafi áhrif á heilbrigði þess eða getu til þess að viðhalda kjarnastarfsemi.

<sup>2</sup> <http://www.c-ebs.org/getdoc/00ec6db3-bb41-467c-acb9-8e271f617675/GL03.aspx>

Samþjöppunaráhætta hlýst af:

- Stórum, einstökum áhættuskuldbindingum, hugsanlega fjárhagslega tengdum, eins og skilgreint er í reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 216/2007 um stórar áhættuskuldbindingar. Skilgreiningin á fjárhagslega tengdum aðilum þarf í þessu skyni að vera nægilega víðtæk til að ná til þeirra áhættuskuldbindinga sem tengjast t.d. gegnum sameiginlegt eignarhald, stjórnun eða ábyrgðir, og
- verulegum áhættuskuldbindingum hópa af mótaðilum (*e. groups of counterparts*) þar sem auknar líkur á vanefndum stafa af sameiginlegum, undirliggjandi þáttum s.s.:
  - atvinnuvegi,
  - landfræðilegri staðsetningu,
  - gjaldmiðli,
  - aðgerðum til mildunar útlánaáhættu.

#### IV. Vaxtaáhætta í liðum utan veltubókar

Þau ákvæði sem liggja til grundvallar þessum hluta leiðbeinandi tilmælanna um vaxtaáhættu í liðum utan veltubókar eru nr. 123 og 124 og í viðauka V í tilskipun nr. 2006/48/EB.

Í 123. gr. er fjallað um að fjármálafyrirtækjum beri að hafa trausta, virka og heilsteypa stefnu og ferla til að ~~stöðugt meta og viðhalda~~ **EKKI í gildi** eiginfjárgrunni sem þau telja fullnægjandi til að ná yfir eöli þeirrar áhættu og áhættustig sem fylgir starfseminni.

Í 124. gr. er tilgreint að eftirlitsaðilar þurfi að gera úttekt á (*e. review*) áhættustýringarferlum og eiginfjárþörf fjármálafyrirtækja. Í 5. mgr. greinarinnar er sérstaklega tiltekið, að eftirlitsaðilar skuli grípa til viðeigandi ráðstafana gagnvart fjármálafyrirtæki ef eigið fé þess rýrnar um meira en 20% við skyndilega breytingu á vöxtum, en Fjármálaeftirlitið ákveður stærð þeirrar breytingar sem miðað er við. Fjármálaeftirlitið hyggst fylgja ráðleggingum Baselnefndarinnar (*Principles for the Management and Supervision of Interest Rate Risk, júlí 2004*) og CEBS um 200 punkta breytingu á vöxtum sbr. 4. mgr. 52. gr. reglna Fjármálaeftirlitsins nr. 215/2007 um eiginfjárkröfu og áhættugrunn fjármálafyrirtækja.

Í viðauka V, tæknileg viðmið vegna fyrirkomulags og meðferðar áhættu, er í 11. tl. vikið að því að hjá fjármálafyrirtækjum þurfi að vera til staðar kerfi til að meta og stjórna þeirri áhættu sem stafar af hugsanlegum breytingum á vöxtum og þau áhrif sem það kann að hafa á liði utan veltubókar.

Í reglum þessum er vaxtaáhætta talin vera núverandi eða væntanleg áhætta sem áhrif hefur á bæði tekjur og eigið fé fjármálafyrirtækja vegna óhagstæðra breytinga á vöxtum. Þetta á aðeins við um liði utan veltubókar í tengslum við aðra stoðina (*Pillar II*), þar sem gengið er út frá að fjallað sé um vaxtaáhættu í veltubók í reglum varðandi markaðsáhættu

undir fyrstu stoðinni (*Pillar I*). Mikilvægt er að huga að áhrifum af vaxtaáhættu bæði á skammtímatekjur og á efnahagsvirði (*e. economic value*) og ber sérstaklega að taka tillit til flökts í tekjum og áhrif þess á eiginfjárgrunninn. Mat á áhrifum af vaxtaáhættu á efnahagsvirði gefur hins vegar betri mynd af mögulegum langtímaáhrifum á heildaráhættu (*e. overall exposures*) fjármálafyrirtækis.

Eftirlitsskyldum aðilum ber að kynna sér efni viðmiðunarreglna CEBS: Technical aspects of the management of interest rate risk arising from non-trading activities under the supervisory review process<sup>3</sup> og eru þær hluti af leiðbeinandi tilmælum þessum.

## V. Niðurlag

Með viðmiðunarreglum þessum eru kröfur í tilskipun 2006/48/EB útfærðar nánar með tilliti til álagsprófa, samþjöppunaráhættu og vaxtaáhættu í liðum utan veltubókar vegna áhættustýringar og við mat á eiginfjárkröfu. Þær eru nánar innleiddar sem hluti af skoðanaskiptum (*e. dialogue*) milli fjármálafyrirtækis og Fjármálaeftirlitsins um eftirlits- og matsferla (*SREP*) og innri matsferla fyrir eiginfjárbörf (*ICAAP*). Það ber að líta á þessar reglur sem leiðbeinandi tæki til áhættustýringar, og þær eiga ekki að leiða sjálfvirkt til viðbótar eiginfjárkröfu. Hvert og eitt fjármálafyrirtæki ber ábyrgð á því að þróa eigin kerfi og álagspróf sem eru í samræmi við áhættustöðu (*e. risk profile*) og áhættustýringu þess. Áhersla er lögð á að ekki er til nein ein algild aðferðafræði eða ferli.

Sú meginregla að taka tillit til stærðar, mikilvægis og margbreytileika fjármálafyrirtækisins gildir einnig varðandi álagspróf, samþjöppunaráhættu og vaxtaáhættu í liðum utan veltubókar þar sem gert er ráð fyrir að samræmi sé þar á milli.

Reykjavík, 17. apríl 2007

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Jónas Fr. Jónsson

Ragnar Hafliðason

---

<sup>3</sup>[http://www.c-eps.org/getdoc/e3201f46-1650-4433-997c-12e4e11369be/guidelines\\_IRRBB\\_000.aspx](http://www.c-eps.org/getdoc/e3201f46-1650-4433-997c-12e4e11369be/guidelines_IRRBB_000.aspx)